

UMBOÐ

Hér með veiti ég, [*nafn og kt. félagsmanns*] til heimilis að [*heimilisfang*], [*nafn og kt. þess sem fer með umboð*], fullt og ótakmarkað umboð til að kjósa um breytingar á samþykktum félagsins á aðalfundi Íslenskrar ættleiðingar hinn 25. maí 2020, kl. 20:00 sem haldinn verður í húsnæði Framvegis, Skeifunni 11b, 108 Reykjavík.

Um breytingar á samþykktum félagsins:

Skv. 7 gr. samþykktum félagsins skulu tillögur að breytingu á þeim berast skriflega eigi síðar en 31. janúar ár hvert.

Ein breytingartillaga barst á 7. grein í samþykktum félagsins.

Eftir breytingu yrði 7 gr. svohljóðandi.

7. grein

Aðalfundur

Aðalfundur skal haldinn fyrir marslok ár hvert. Skal hann boðaður bréflega eða með öðrum sannanlegum hætti með minnst þriggja vikna fyrirvara. Til aukaaðalfundar skal boða með sama fyrirkomulagi og til aðalfundar samkvæmt 7. mgr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

Skýrsla stjórnar um hag félagsins og rekstur þess á liðnu starfsári.

Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt athugasemdum endurskoðanda félagsins skal lagður fram til samþykktar.

Gjaldskrá félagsins

Kjör stjórnar.

Ákvörðun árgjalds.

Breytingar á samþykktum félagsins.

Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Breytingar á stjórn félagsins skal tilkynna dómsmálaráðuneytinu áður en 14 dagar eru liðnir.

Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins skulu berast stjórn félagsins skriflega í síðasta lagi 31. janúar ár hvert og skulu þær tilgreindar í fundarboði.

Framboð til stjórnarkjörs skulu berast skriflega til skrifstofu félagsins í síðasta lagi tveimur vikum fyrir aðalfund.

Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu endurskoðenda eða 2/3 félagsmanna. Skulu þeir boðaðir bréflega með minnst tveggja vikna fyrirvara. Í fundarboði skal koma fram tilefni fundarins

[Staður og dagsetning]

[Undirskrift]